

# Hagsmunagæsla Íslands gagnvart ESB

## Forgangsmál 2020-2021

### Efnisyfirlit

|                                                                                                                   |   |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---|
| Matvælaöryggi .....                                                                                               | 2 |
| Neysluvatn .....                                                                                                  | 2 |
| Sýklalyfjaónæmi .....                                                                                             | 2 |
| Lífrænn og ólífrænn áburður .....                                                                                 | 2 |
| Orkumál .....                                                                                                     | 2 |
| Orku- og loftlagsstefna ESB til 2030 (Clean Energy for All Europeans).....                                        | 2 |
| Loftlagsmál og umhverfismál.....                                                                                  | 3 |
| Græni evrópski sáttmálinn (The European Green Deal).....                                                          | 3 |
| Samgöngumál .....                                                                                                 | 3 |
| Markaðseftirlit með ökutækjum.....                                                                                | 3 |
| Sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópþingum milli landa.....                         | 4 |
| Sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum ..... | 4 |
| Þjálfun ökumanna .....                                                                                            | 4 |
| Jafnréttismál .....                                                                                               | 4 |
| Ný kynjaáætlun ESB .....                                                                                          | 4 |
| Fjármálastarfsemi .....                                                                                           | 5 |
| Eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði .....                                                                        | 5 |
| Sjálfbær fjármögnun .....                                                                                         | 5 |
| Áhrif uppfærslu Basel-III staðla á verðtrygð fasteignalán.....                                                    | 5 |
| Innstæðutryggingar.....                                                                                           | 5 |
| Upplýsingatæknimál .....                                                                                          | 5 |
| Stafræn starfsskrá ESB .....                                                                                      | 5 |
| Peningaþvætti.....                                                                                                | 6 |
| Stofnun á miðlægum eftirlitsaðila aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í Evrópu .....             | 6 |
| Rannsóknir og nýsköpun, menntun og menning .....                                                                  | 6 |
| Nýjar samstarfsáætlanir ESB 2021-2027 á sviði mennta-, æskulýðs-, menningar-, rannsókn- og nýsköpunarmála.....    | 6 |
| Lyfjamál.....                                                                                                     | 6 |
| Rafrænir fylgiseðlar lyfja .....                                                                                  | 6 |
| Vinumarkaðurinn .....                                                                                             | 6 |

|                              |   |
|------------------------------|---|
| Lágmarkslaun .....           | 6 |
| Almannatryggingar.....       | 6 |
| Covid-19 og ferðafrelsi..... | 7 |

## Matvælaöryggi

### Neysluvatn

Fyrirhugaðar eru breytingar á neysluvatnstilskipun ESB 98/38/EBE og eru drög að nýrri tilskipun á vinnslustigi hjá ráðherraráðinu og Evrópuþinginu. Nú er eftirlit með vatnsveitum sem þjóna færri en 50 manns eða 20 heimilum/sumarbústöðum minna en gagnvart stærri vatnsveitum. Gæta þarf að því að breytingum fylgi ekki óþarfa byrðar á stjórnsýsluna og að nálægðarreglan og hagsmunir sveitarfélaga séu í heiðri höfð.

*Ábyrgt ráðuneyti: ANR*

### Sýklalyfjaónæmi

Evrópska aðgerðaáætlunin gegn sýklalyfjaóþoli (the new EU One Health Action Plan against Antimicrobial resistance) var kynnt í júní 2017. Fylgjast þarf með framgangi mála sem snúast um þol gegn sýklalyfjum og gæta hagsmuna Íslands hvað lýðheilsu varðar ef áætlunin leiðir til EES-tækra gerða á þessu sviði.

*Ábyrgt ráðuneyti: ANR*

### Lífrænn og ólífrænn áburður

Árið 2019 var samþykkt hjá ESB ný reglugerð um lífrænan og ólífrænan áburð. Hún hefur víðtækara gildissvið en eldri reglugerð. Við upptöku í EES-samninginn þarf að tryggja að Ísland verði undanþegið innflutningi á lífrænum áburði eða geti takmarkað slíkan innflutning sökum sérstöðu landsins vegna sjúkdóma sem ekki hafa komið upp í dýrum og plöntum vegna einangrunar landsins.

*Ábyrgt ráðuneyti: ANR*

## Orkumál

### Orku- og loftlagsstefna ESB til 2030 (Clean Energy for All Europeans)

Heildarendurskoðun orkulöggjafar ESB undir yfirskriftinni „hrein orka fyrir alla Evrópubúa“ er nú lokið. Þær gerðir sem um ræðir eru tilskipanir og reglugerðir um orkunýtni bygginga, endurnýjanlega orku, orkunýtni, eftirlits- og stjórnunarkerfi og fjórar gerðir um raforkumarkaðsmál.

Gæta þarf að sérstöðu Íslands og hagsmunum, sem eru verulegir á sviði orkumála, þar sem raforkuframléiðsla er nær eingöngu með endurnýjanlegum orkugjöfum.

*Ábyrgt ráðuneyti: ANR*

## Loflagsmál og umhverfismál

### Græni evrópski sáttmálinn (The European Green Deal)

Framkvæmdastjórn ESB hefur sett fram það markmið að Evrópa verði fyrsta kolefnishlutlaus heimarsálfan fyrir árið 2050. Til þess að ná þessu markmið hefur verið kynntur metnaðarfullur aðgerðapakki, Græni evrópski sáttmálinn (The European Green Deal). Sáttmálanum er skipt í 7 áhersluatriði:

1. Hrein orka
2. Sjálfbær iðnaður
3. Byggingariðnaður
4. Sjálfbær ferðamáti
5. Líffræðilegur fjölbreytileiki
6. Frá býli til matar
7. Dregið úr mengun

Löggjafartillögur í sáttmálanum sem sérstök áhersla verður lögð á við hagsmunagæslu:

1. Ljóst er að ráðast þarf í frekari aðgerðir svo markmiðum Parísarsamningsins verði náð og markmiði um kolefnishlutleysi árið 2050, m.a. breytingar á viðskiptakerfi ESB með gróðurhúsalofttegundir.
2. Væntanleg löggjöf um markmið varðandi kolefnishlutleysi árið 2050: COM(2020) 80 final.
3. Aðgerðaáætlun um hringrásarhagkerfið: COM(2020) 98 final.

Ísland hefur að mörgu leyti mikla sérstöðu í loftslagsmálum, bæði á heimsvísu og í samanburði við ríki ESB. Markmiðið með hagsmunagæslu er að fylgjast með framkvæmd á Græna sáttmálanum og hvernig helstu aðgerðir munu hafa áhrif á löggjöf hér á landi. Jafnframt að fylgjast með útfærslu á væntanlegri löggjöf um kolefnishlutleysi og taka þátt í tæknilegri vinnu við ákvarðanir um reglur og viðmið fyrir einstakar greinar og aðgerðir í gegnum viðeigandi ESB-nefndir.

Málið er unnið í samstarfi nokkurra ráðuneyta.

*Ábyrgt ráðuneyti: UAR*

## Samgöngumál

### Markaðseftirlit með ökutækjum

Með reglugerð 2018/858 hefur Evrópusambandið brugðist við því að framleiðendur hafa verið staðnir að því að leggja fram rangar upplýsingar við útgáfu gerðarviðurkenninga, m.a. um losun gróðurhúsalofttegunda. Ef gerðin væri tekin upp óbreytt gæti þetta þýtt að prófa þyrfti sérstaklega tiltekinn fjölda ökutækja hér á landi áður en fyrsti eigandi tekur við þeim. Sá aðili sem færir með markaðseftirlit þyrfti að vera sjálfstæður. Þetta gæti falið í sér umtalsverðan kostnað.

Í drögum að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar hafa íslensk stjórnvöld óskað eftir aðlögun og undanþágu fyrir Ísland.

*Ábyrgt ráðuneyti: SRN*

## Sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópþifreiðum milli landa

Lögð hefur verið til breyting á reglugerð 1073/2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópþifreiðar. Hluti reglugerðarinnar sem fjallar um svokallaða gestaflutninga tekur nú einungis til tímabundinna fólksflutninga en lagt er til að víkka út gildissviðið þannig að ekki verði einungis um tímabundna flutninga að ræða. Verði breytingin innleidd hér á landi mun það leiða til þess að flutningsaðilum sem eru stofnsettir í öðrum EES ríkjum verður heimilt að sinna flutningum ótímabundið hér á landi. Þá ber að setja á fót sjálfstæðan eftirlitsaðila. Breytingin getur falið í sér aukinn kostnað fyrir hið opinbera og komið sér illa fyrir rekstraraðila hér á landi. Tillagan er nú í meðförum þingsins og ráðsins og líkur benda til að nokkurn tíma taki að leiða það til lykta.

*Ábyrgt ráðuneyti: SRN*

## Sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum

Með reglugerð (EU) 2020/1055 hefur ESB breytt reglugerðum 1071/2009 um sameiginlegar reglur um skilyrði til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og 1072/2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa. Með breytingunni ná reglurnar til fleiri ökutækja en nú er. Flutningsaðilar sem starfa eingöngu með ökutæki sem ekki ná 3,5 tonnum hafa verið undanskildir hér á landi en samkvæmt þessum breytingum ná reglurnar einnig til ökutækja frá 2,5 tonnum sem er töluvert íþyngjandi fyrir rekstraraðila þessara léttari þifreiða og eykur einnig töluvert umsýslu hjá Samgöngustofu. Tryggja þarf því að gerðar verði allar nauðsynlegar aðlaganir við upptöku í EES-samninginn.

*Ábyrgt ráðuneyti: SRN*

## Þjálfun ökumanna

Samkvæmt nýrri tilskipun, 2018/645, verður heimilt að ljúka 12 kennslustundum af 35 vegna endurmenntunar atvinnuökumanna stærri ökutækja með rafrænum hætti. Óskað hefur verið eftir aðlögun af Íslands hálfu við upptöku í EES-samninginn en fjarnám hefur verið heimilt á þessu sviði um allnokkurt skeið hér á landi án slíkra takmarkana.

*Ábyrgt ráðuneyti: SRN*

## Jafnréttismál

### Ný kynjaáætlun ESB

Áherslur framkvæmdastjórnar ESB í jafnréttismálum fyrir árin 2019-2024 eru m.a. að koma með tillögu að nýrri mismunarlöggjöf og berjast gegn kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi í tengslum við Ístanbúl-samninginn. Jafnframt verður reglan um jöfn laun fyrir sömu vinnu meginreglan í nýrri kynjaáætlun ESB (European Gender Strategy) og áhersla lögð á bindandi aðgerðir um launagagnsæi.

Markmiðið með hagsmunagæslunni er að fylgjast með framgangi og þróun jafnréttismála innan ESB og miðla þekkingu og reynslu Íslendinga í jafnréttismálum.

*Ábyrgt ráðuneyti: FOR*

## Fjármálastarfsemi

### Eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði

Samþykkt hefur verið reglugerð 2019/2175 sem breytir reglugerðum um evrópskar eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði. Gæta þarf þess við upptöku í EES-samninginn að áfram eigi við sú aðlögun sem var samþykkt um þetta efni árið 2016 í samræmi við tveggja stöða kerfi EES-samningsins.

*Ábyrgt ráðuneyti: FJR*

### Sjálfbær fjármögnun

Aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um sjálfbæra (græna) fjármögnun frá 2018 felur í sér ýmsar aðgerðir til að styðja við hagvöxt en draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið auk þess að taka tillit til félagslegra sjónarmiða og sjónarmiða um góða stjórnhætti. Á þessu stigi er markmið hagsmunagæslunnar aðallega að fylgjast með nýrri löggjöf sem verður til á þessu sviði.

*Ábyrgt ráðuneyti: FJR*

### Áhrif uppfærslu Basel-III staðla á verðtryggð fasteignalán

Íslenskar reglur um eiginfjárkröfur til banka byggjast á evrópsku regluverki, svonefndum CDR- og CRR-gerðum, sem aftur byggjast á alþjóðlegum viðmiðum, svonefndum Basel-stöðlum. Árið 2017 voru gerðar breytingar á Basel-stöðlunum (e. Basel III) sem ESB vinnur að því að taka upp í evrópskt regluverk. Meðal breytinga er að við ákvörðun eiginfjárfarna skuli miða við virði veðs þegar lán var veitt án tillit til síðari hækkana. Þetta gæti dregið úr svigrúmi íslenskra banka til útlána, einkum verðtryggðra fasteignalána. Markmið með hagsmunagæslu Íslands er að stuðla að því að upptaka uppfærðra Basel-staðla í evrópskt regluverk valdi sem minnstri röskun á fasteignalánamarkaði hér á landi.

*Ábyrgt ráðuneyti: FJR*

### Innstæðutryggingar

Á undanförunum árum hefur farið fram mikil umræða á vettvangi ESB um endurskoðun innstæðutrygginga. Framkvæmdastjórnin hefur m.a. lagt áherslu á að koma á laggirnar evrópsku innstæðutryggingakerfi. Fylgjast þarf með þessu og gæta að þeim sjónarmiðum sem komu fram í álitum efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis við upptöku tilskipunar 2014/49 í EES-samninginn.

*Ábyrgt ráðuneyti: FJR*

## Upplýsingatæknimál

### Stafræn starfsskrá ESB

Í starfsáætlun framkvæmdastjórnar ESB eru stefnumál og aðgerðir tengdar stafrænum málefnum settar á oddinn undir yfirskriftinni Europe Fit for the Digital Age. Þar undir falla m.a. aðgerðaáætlun um stafræna menntun, gervigreind, stafræna þjónustu og aukið netöryggi. Markmið með hagsmunagæslu Íslands er að stjórnarráðið beri tímanlega kennsl á snertifleti, nauðsynlega samhæfingu og aðgerðir, þ.m.t. forgangsröðun svo og að sameinast um greiningu á þverfaglegum álitaeftum.

Málið er unnið í samstarfi nokkurra ráðuneyta.

*Ábyrgt ráðuneyti: FJR*

## Peningaþvætti

### Stofnun á miðlægum eftirlitsaðila aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í Evrópu

Til umræðu er innan ESB að stofna miðlægan eftirlitsaðila peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Nýjum eftirlitsaðila verði falið það hlutverk að samræma betur regluverk og eftirlit innan Sambandsins og þar með að treysta orðspor og trúverðugleika evrópsks fjármálamárkadaðar. Tryggja þarf að valdheimildir eftirlitsstofnana ESB samræmist tveggja stoða kerfi EES-samningsins. Þá er líklegt að nýjar gerðir þurfi aðlögun að tveggja stoða kerfinu.

*Ábyrgt ráðuneyti: DMR*

## Rannsóknir og nýsköpun, menntun og menning

### Nýjar samstarfsáætlanir ESB 2021-2027 á sviði mennta-, æskulýðs-, menningar-, rannsókn- og nýsköpunarmála

Nýjar samstarfsáætlanir ESB fyrir tímabilið 2021-2027 hafa verið í bígerð um allnokkurt skeið. Sem fyrr eru áætlanirnar Horizon og Erasmus umfangsmestar. Markmið hagsmunagæslu er að tryggja að áframhaldandi þátttaka Íslands sé í samræmi við EES-samninginn og að unnið verði að þátttöku Íslands frá byrjun nýs tímabils. Þar að auki þarf að tryggja að þátttaka Íslendinga í samstarfsáætlunum, þ.m.t. í stjórnarnefndum og sérfræðingahópum, sé í samræmi við ákvæði EES-samningsins.

Unnið er að málinu í samstarfi margra ráðuneyta og stofnana.

*Ábyrgt ráðuneyti: MMR*

## Lyfjamál

### Rafrænir fylgiseðlar lyfja

Heilbrigðisráðherra hefur sent bréf fyrir hönd norrænu ráðherranna til framkvæmdastjórnar ESB þar sem þess er farið á leit að aðildarríkjum verði heimilað að nota rafræna fylgiseðla með lyfjum. Með því móti er líklegt að lyfjaframleiðendur láti í té leiðbeiningar á fleiri tungumálum, sem varðar öryggi sjúklinga m.a., það dregur úr lyfjasóun vegna þess að síður þarf að innkalla lyf vegna breytinga á fylgiseðlum og er auk þess umhverfisvænt.

*Ábyrgt ráðuneyti: HBR*

## Vinumarkaðurinn

### Lágmarkslaun

Framkvæmdastjórnin hefur hafið vinnu við tillögugerð um sanngjörn lágmarkslaun alls launafólks innan ESB sem felur hverju ríki nánari útfærslu hvort sem er í lögum eða kjarasamningum. Tryggja þarf að sjónarmiðum Íslands sé komið á framfæri á meðan tillagan er í mótun verði talin þörf á því.

*Ábyrgt ráðuneyti: FRN*

### Almannatryggingar

Fyrir liggur tillaga um breytingar á ákvæðum almannatryggingareglugerðanna, einkum hvað varðar rétt til atvinnuleysisbóta við för milli ríkja, bætur vegna langtímaumönnunar, almannatryggingar útsendra starfsmanna og aðgengi fólks sem ekki er virkt á vinnumarkaði að bótum við dvöl í öðru ríki.

Fylgjast þarf vel með þróun málsins og niðurstöðu þess til að geta betur metið áhrif tillögunnar hér á landi verði hún samþykkt, þ.m.t. á innlenda löggjöf t.d. hvað varðar þörf á lagabreytingum, á réttindi fólks sem nýtir sér frjálsa för og á útgjöld ríkissjóðs.

*Ábyrgt ráðuneyti: FRN*

## Covid-19 og ferðafrelsi

Ráðið hefur gefið út tilmæli um samræmda nálgun á ferðatakmarkanir vegna Covid-19. Á vinnslustigi var komið á framfæri sjónarmiðum um sérstöðu Íslands sem hefur m.a. vegna landfræðilegrar einangrunar getað skimað að meginstefnu alla komufarþega. Nú er í skoðun hvort taka eigi tilmælin upp á vettvangi EES og/eða sem þróun á Schengen-regluverkinu. Málið er unnið í samstarfi nokkurra ráðuneyta.

*Ábyrgt ráðuneyti: FOR*